

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018, Freysnes.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. apríl 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018, frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í því að 6,6 ha svæði til sérstakra nota sunnan Þjóðvegur 1 við Freysnes í Örafum stækkar í 36 ha á kostnað landbúnaðarsvæðis (tún og beitulönd). Svæðið verður notað til ferðaþjónustu, s.s. tjaldsvæði, göngusvæði og útivistarsvæði. Jafnframt er gert ráð fyrir 2 ha íbúðarsvæði fyrir 2 einbýlishús. Sunnan svæðisins er gert ráð fyrir 39 ha frístunda- byggðarsvæði fyrir allt að 20 frístundahús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. apríl 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.